



STARFSÁÆTLUN VINAHÓLL FRÍSTUND KÁRSNESSKÓLA

2022 - 2023



JÚLÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

Vinaholl@kopavogur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08 2026

Hagnýtar upplýsingar	3
<i>Hafðu samband við okkur í Vinahól</i>	3
<i>Forföll og leyfi</i>	3
<i>Opnunartími og opnanir utan hefðbundna skóladaga</i>	3
<i>Tölulegar upplýsingar</i>	4
Gjaldskrá og Innheimta	5
Starfið í vetur	6
<i>Áherslur í starfi</i>	6
<i>Dagsskipulag 1. og 2. bekkur</i>	6
<i>Dagsskipulag 3. og 4. bekkur</i>	7
<i>Kennaratímar</i>	7
<i>Samstarf við íþróttatímastundastarf</i>	7
Skólabragur/ reglur	8
<i>Ágreiningsmál</i>	8
<i>Barnaráð</i>	8
<i>Foreldrasamstarf</i>	8
Hressing	8
Öryggi og verkferlar	9
<i>Inn- útskráningar barna</i>	9
<i>Barn mætir ekki</i>	9
<i>Barn finnst ekki</i>	9
<i>Á ferð með börnin</i>	9
<i>Að fara í íþróttarútu</i>	9
<i>Smávægilegir áverkar</i>	9
<i>Alvarleg slys</i>	10
<i>Rýmingaráætlun</i>	10
<i>Almannavá og áhætta</i>	10
Innra mat	10
Símenntunaráætlun	10
Frístundadagatal 2021 - 2022	11
<i>Ágúst – desember</i>	11
<i>Janúar – maí</i>	11
Starfsmenn í Vinahól	12

<i>Vinahóll 1. – 2. bekk starfsmenn</i>	12
<i>Vinahóll 3.- 4. bekkur starfsmenn</i>	12
<i>Kennarar 1. – 2. bekk Vinahóll</i>	12
<i>Klúbbastarf 3. - 4. bekk starfsmenn</i>	12
Fylgiskjal 1 - Skipulag fyrir 1. og 2. bekk	13
Fylgiskjal 2 - Skipulag fyrir 3. og 4. bekk	14
Fylgiskjal 3 - Myndir af starfsmönnum í Vinahól frístund.....	15

Hagnýtar upplýsingar

Vinahóll er frístund sem tilheyrir Kársnesskóla og er fyrir börn í 1- 4 bekk. Vinahóll er staðsettur í Hallargarðinum á skólalóð Kársnesskóla við Kópavogsbraut. Forstöðumaður í Vinahóli er Júlía Guðmundsdóttir og aðstoðarforstöðumaður er Natalia Irena Bronszwska. Í Vinahóli er lögð áhersla á kurteisi, góða umgengni, uppbyggjandi samskipti, frjálsan leik og markvissa útivist. Útivist er alla daga kl. 13:30 til kl. 14:30. Minnt er á að börnin komi í hlýjum og skjólgóðum fötum fyrir útiveru. Í Vinahóli dvelja börn við leik og skapandi störf í umsjá frístundaleiðbeinenda eftir að skóla lýkur. Börnin eru skráð inn í Vinahól og fylgst er vel með hvar þau eru að leik og starfi uns þau eru skráð út við brottför.

Hafðu samband við okkur í Vinahól

Netfang í Vinahól frístund er: vinaholl@kopavogur.is

Símanúmer í Vinahól frístund er: 441- 4634

Facebooksíða Vinahóls er: Vinaholl-Kársnesskóli

Einnig er hægt að hringja í 441-4600 sem er sími

Kársnesskóla og velja þar „dægradvöl“ með því að ýta á 2.

Forföll og leyfi

Frístund notar skráningarkerfi sem heitir „Vala“. Ef börn eru veik eða í leyfi út skóladaginn nægir að láta skólaritara vita um morguninn. Ef barn fer heim á miðjum skóladegi eða er í leyfi einungis í frístund en ekki á skólatíma skal tilkynna það til Vinahóls fyrir kl 12:30 í síma 441-4634 eða senda póst á vinaholl@kopavogur.is. Einnig skal það tilkynnt til Vinahóls ef breyting verður á því hver sækir barnið og/ eða barnið má fara heim með öðrum. Foreldrar eru beðnir að hringja ekki í álagstíma í Vinahól milli kl. 12:30 – 17:00 nema nauðsyn krefji. Í sumum tilfellum á álagstíma eru starfsmenn með barn/börn hjá sér sem ekki er hægt að víkja frá strax til þess að senda börn heim ef verið er að hringja til þess auk þess að misskilningur gæti átt sér stað í gegnum símtöl þegar mörg börn eru í kringum símann og heyrist oft verr eftir hádegi í símanum þegar börnin eru hjá okkur í Vinahól. Af þessum ástæðum óskum við eftir því að slík símtöl verði í algjöru lágmarki.

Opnunartími og opnanir utan hefðbundna skóladaga

Frístundin er opin frá kl 13:30 – 17:00 alla virka daga þá daga sem skólinn starfar.

Á foreldraviðtals og skipulagsdögum skólans er í Vinahóli opið frá kl. 8:00 – 17:00. Vinahóll hefur þó tvo starfsdaga fyrir starfsfólk einn á hvorri önn og eru þeir 7. október 2022 og 15. mars 2023. Þá daga er lokað. Þessir dagar eru nýttir til fræðslu, skipulags og framkvæmda. Til að skrá börnin í vistun á foreldraviðtals/skipulagsdögum þarf að skrá það sérstaklega í „lengd viðvera“ í þjónustugáttinni áður en lokað er fyrir skráningu Einungis er tekið við

skráðum börnum þessa daga. Það þarf að ráðstafa starfsdegi starfsmanna sérstaklega fyrir þessa daga því starfsmenn í Vinahól eiga vinnutíma frá kl 13:00 en ekki kl 08:00 á hefðbundnum dögum og vegna þess þurfum við að hafa ákveðin skráningafrest til þess að ráðstafa starfsmönnum miðað við fjölda skráðra barna þessa daga. Vefsvæði að þjónustugáttunni er : <https://innskraning.island.is/?id=valais&path=%2fvala-fristund-vetur>

Í vetrarfríum skólans er lokað í Vinahóli.

Sumaraðlögun er val og opið er í frístund fyrir verðandi fyrstu bekkinga í hálfan mánuð í lok ágúst. Einnig er opið á viðbótadögum eftir skólaslit ef skólaslitin eru á öðrum vikudögum en föstudegi í júní.

Opið er í jóla og páskafríi. Skrá þarf barn sérstaklega í þessa opnunardaga í þjónustugátt, sjá gjald á heimasíðu Kópavogsbæjar. Ekki er hægt að taka við óskráðum börnum þessa daga né hægt að skrá eftir að skráningu lýkur.

Umsóknir um áskrift og afslætti í frístund fara eingöngu fram í þjónustugátt Kópavogsbæjar sem og breytingar á vistun og uppsögn á plássi í Vinahóli. Breytingar þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar og taka þá gildi frá og með næstu mánaðarmótum. Frestur til þess að sækja um afslátt er einnig til 20. hvers mánaðar og er afsláttur ekki veittur afturvirkkt.

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi barna skráð í Vinahól: 191

Fjöldi barna í 1. bekk: 69

Fjöldi barna í 2. bekk: 50

Fjöldi barna í 3. og 4. bekk: 72



Gjaldskrá og Innheimta

Gjaldskrá frístunda í Kópavogi er hægt að finna á heimasíðu Kópavogsbæjar á slóðinni <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>. Á vefsíðunni er smellt á gjaldskrá frístundar í grunnskólum til að skoða gjaldskrá og upplýsingar um afslætti í frístund.

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- 1. hvers mánaðar er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt fyrirfram.
- 10. hvers mánaðar er eindagi.
- 12. hvers mánaðar sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- 20. hvers mánaðar hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá banka til þeirra sem ekki hafa greitt
- 10. næsta mánaðar fer krafa í milli innheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar
- Ef skuld hefur ekki verið greidd að tveim mánuðum liðnum skal skólinn segja vist barns upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Starfið í vetur


Áherslur í starfi

Í Vinahóli er lögð áhersla á jákvæð samskipti og vellíðan barna. Gildi Vinahóls eru þau sömu og í Kársnesskóla sem eru þekking, virðing, ábyrgð og ánægja. Starfsmönnum Vinahóls ber að fara eftir samskiptastefnunni Uppeldi til ábyrgðar sem leitast eftir að efla innri hvata barna til að verða gefandi einstaklingar sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Börn fá tækifæri til þess að læra af mistökum sínum og sýna hvert öðru tillitsemi. Markmið Vinahóls er að kenna börnum að nýta frístundir á uppbyggilegan hátt, efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu og bjóða upp á öruggt umhverfi. Með markvissri útiveru sem er frá 13:20 til 14:30 er stuðlað að líkamlegu heilbrigði barnanna og frjálsum leik þeirra. Frjálsi leikur barnanna hefur einnig mikilvægan sess í Vinahóli sem stuðlar að félagsþroska og aukinni samskiptafærni. Frjáls leikur barnanna veitir þeim tækifæri til þess að vinna saman að ákveðnum markmiðum.



Dagsskipulag 1. og 2. bekkur

Líkt og minnst var á hér að ofan byrjar dagurinn á útiveru á útivistasvæðinu sem er fyrir framan aðalbyggingu skólans hjá 1. og 2. bekk. Í lengri útiveru og á vorin notum við þó einnig önnur útivistasvæði á skólalóð. Á meðan að útiverutími stendur yfir skiptast hópar á að fara inn og fá sér síðdegishressingu. Eftir útiveru er boðið upp á val á valtöflu frá 14:30-15:40. Í vali gefst börnum kostur á að velja úr ýmsum athöfnum líkt og að föndra, púsla, spila, leika í dúkku- og bílaleikjum o.fl. í umsjón frístundaleiðbeinenda. Í valinu notast börnin við frjálsan leik. Einnig stuðlar valtaflan að því að lýðræði barnanna er virt með því að veita þeim frelsi til að velja hvar þau vilja leika hverju sinni. Á fimmtudögum er ekki notast við valtöflu heldur skiptum við börnunum í hópa í inniverunni sem skiptast á að fara á mismunandi stöðvar. Hóparnir fara á bókasafn, í innileiki, föndur, búa til ýmist leir/slím eða stærri perlumyndir saman, spilahóp, bakstur og í leikræna leiki hjá frístundaleiðbeinendum. Í lok dags er börnum boðið ýmist að spila sem reynir á samvinnu eða í skipulagða leiki sem efla samskipti og félagsfærni



Dagsskipulag 3. og 4. bekkur

Þriðji og fjórði bekkur eru saman í frístund í klúbbastarfi. Á mánudögum eru bíódagar hjá þeim og á föstudögum er boðið upp frjálst val milli, frjáls leiks, föndurs, legó, púsl, og spil í umsjá frístundaleiðbeinenda. Á þriðjudögum, miðvikudögum, og fimmtudögum í klúbbastarfinu eru börnin hópaskipt með kennurum frá kl. 13:30 – 14:30. Síðdegishressing er kl. 14:30 - 14:45, þau börn sem fara í fyrri íþróttavagna drekka þegar þau mæta í frístund 13:30. Í útivist á mánudögum eru ýmist ferðir eða skipulagðir leikir, hina dagana er útivistatíminn frá 14:45 -15:15, þó er alltaf í boði fyrir börnin að vera lengur úti í leik ef þau vilja.

Kennaratímar

Tímar með íþróttakennurum eru aldurskiptir og er börnunum skipt í hópa. Guðni Kárasón og Rúnar Sigríksson kenna íþróttir. Ingi Tandri Traustason, skákmeistari kennir börnunum skák. Kennarar sjá einnig um ákveðna hópa í Klúbbastarfi þar á meðal heimilisfræði, sköpun með ýmis efni í smíðastofu, leiki, tónlist og sköpun í tónmenntastofu, Bókasafnsstund, myndmennt og spjaldtölvukennsla.

Samstarf við íþróttatímastundastarf

Félögin Breiðablik, Gerpla og HK hafa sameinað frístundarútur sem eru á ferð alla daga vikunnar. Þetta eru tveir vagnar sem byrja í sittthvorum enda bæjarins og mætast á miðri leið og fara svo alveg eins til baka. Sjá tímatöflu frístundarútu hjá íþróttafélögum. Við sjáum um að koma börnunum í vagnana ef foreldrar óska. Foreldrar þurfa að vega og meta hvort barnið ráði sjálft við að fara úr frístundavagni á réttum stað, það er stórt skref að fara sjálfur á æfingu. Ábyrgð frístundar á börnunum nær einungis til þess að passa uppá að þau fari í réttan vagn á réttum tíma.

Við sendum líka börnin á sundæfingar hjá Breiðablik í Sundlaug Kópavogs í tíma hjá Tónlistarskóla Kópavogs, Hamraborg og í Leynileikhúsið sem fram fer í Kópavogsskóla. Kirkjustarfið er í safnaðarheimili Borgum Kópavogskirkju, starfsmenn frá þeim sækja börnin.

Skólabragur/ reglur

Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og allir fái að njóta sín. Að börnin séu virkir þátttakendur í leik og starfi og fái tækifæri til að velja verkefni, vinna í hópum og frjálsum leik. Í Vinahóli frístund/ klúbbastarfi er lögð áhersla á kurteisi, góða umgengni, uppbyggjandi samskipti, frjálsan leik og markvissa útivist. Börnin í Vinahóli nota barnapingsfund til að búa til reglur sem gilda innanhús. Einnig eru nokkrar húsnaðisreglur sem gilda hér hjá okkur í Vinahól:

Við göngum á ganginum og inni
Við hjálpumst öll að við að ganga frá
Við förum vel með dótið
Við komum vel fram við hvort annað

Við erum ekki með síma í frístund,
nema í töskunni á meðan barn er í
frístund.

Ágreiningsmál

Ef upp kemur stríðni eða einelti þá fylgjumst við vel með samskiptum í samvinnu við skólann og haft er samband við foreldra. Sömu reglur eru í Vinahól og skólanum. Hvað varða slík mál þá er haft samband við foreldra og farið vel yfir málin.

Gerð verður tengslakönnun hjá börnum til að vita um vinatengsl barnanna. Út frá tengslakönnun er markmiðið að finna ef það eru börn sem ekki eiga vini og hjálpa þeim að myndi ný vinatengsl. 8.nóvember eru baráttudagur gegn einelti, umfjöllun er höfð um einelti og horft er á fræðslumyndband um einelti ásamt öðrum vináttuverkefnum.

Barnaráð

Barnaráð er vettvangur barnanna til að hafa áhrif á starfið í Vinahóli og taka ákvarðanir varðandi dagskrá, gildi og ýmislegt sem upp kemur í daglegu starfi. Hugmyndakassi er staðsettur í Vinahóli og barnaráðið fer yfir hann reglulega. Markmið ráðsins er að heyra raddir barnanna varðandi væntingar þeirra vonir og fleira til frístundar. Með virku barnalýðræði er stefnt að því að efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð barnanna. Í barnaráði sitja forstöðumaður og einn frístundaleiðbeinandi ásamt börnunum, árgangar aldurskipt. En barnaráð mun ávallt vera val fyrir barnið og ef það vill ekki taka þátt, þá hefur það val um að gera annað. Fundað er einu sinni í mánuði. Á fundum barnaráðsins læra börnin lýðræðisleg vinnubrögð eins og að hlusta hvert á annað og fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Öll börn fá kost á því að vera umsjónarmenn í Vinahóli, umsjónarmenn velja hvaða dót er í boði hverju sinni á valmöflunni og hafa þannig áhrif á starf sitt.

Foreldrasamstarf

Lögð er áhersla á gott samstarf milli foreldra og Vinahóls. Forstöðumaður sendir út eitt fréttabréf á hvorri önn, við sendum tölvupóst með tilkynningum þegar þarf, setjum inn upplýsingar á facebook. Öllum póstum sem berast er svarað samdægurs og öll skilaboð sem berast er farið yfir um leið og þau berast. Dagskipulag fyrir Vinahól frístund/ klúbbastarf ásamt hópaskiptingu fyrir hvora önn í klúbbum er sent til foreldra. Við erum með lokaða

facebook síðu sem heitir Vinahóll - Kársnesskóli og er eingöngu fyrir foreldra skráðra barna í Vinahóli frístund/ klúbbastarf. Á facebooksíðuna sýnum við myndir frá starfinu, minnum á mikilvæg skilaboð og spjöllum um starfið í Vinahóli. Þeir foreldrar sem ekki vilja láta birta myndir af börnum sínum á facebook eru beðnir að láta forstöðumenn vita vinaholl@kopavogur.is.

Hressing

Boðið er uppá fjölbreytta hressingu í drekkutíma, drykki og ávexti frá kl. 13:30 - 14:45 í borðsal Kársnesskóla.

Dæmi um síðdegishressingu:

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Brauð með smjör Brauð með ost Brauð með mismunandi álegg Dæmi um álegg: Skinka Spægjipylsa Pepparoni Kjúklíngaálegg	Jógúrtdrykkir og/eða skyr  Dæmi um jógúrt: Skyr Ab- mjólk Súrmjólk Heimilisjógúrt	Öðruvísi Brauðmeti  Til dæmis: Skonsur Flatkökur Ostaslaufur Kringlur Hrökkbrauð	Hafragrautur/ Ávaxtagrautur og/eða morgunkorn  Dæmi um álegg: Smúrostur Bananabrauð Kæfa Grúrkubrauð	Brauð með smjör Brauð með ost Brauð með álegg Dæmi um álegg: Smúrostur Bananabrauð Kæfa Grúrkubrauð
Ávextir	Ávextir	Ávextir	Ávextir	Ávextir
Vatn og /eða Ávaxtasafi	Mjólk og Vatn	Mjólk og vatn	Mjólk og vatn	Kakó og/eða mjólk og vatn

Síðdegishressing er kl. 13:30 – 14:20 fyrir börn í 1. og 2. bekk. Þau börn sem fara í íþróttavagna/ íþróttir fá sér hressingu kl. 13:30. Börn í klúbbastarfi drekka eftir að klúbbastarfi lýkur kl 14:30.



Öryggi og verkferlar

Inn- útskráningar barna

Í byrjun hvers dags er farið yfir fjarveru barna í Mentor. Börnin eru skráð inn kl. 13:20 eða um leið og skóla lýkur í Vinahóli frístund/ klúbbastarf og fylgst er vel með hvar þau eru að leik og starfi uns þau eru skráð út við brottför.

Barn mætir ekki

Ef barn mætir ekki á skráðum degi er haft samband við ritara og kennara og leitað eftir upplýsingum sem gætu útskýrt fjarveru þess. Leitað er í húsnæði skólans og á skólalóð auk í nærumhverfi og haft verður samband við foreldra og lögreglu ef þarf.

Barn finnst ekki

Ef barn finnst ekki er hringt í foreldri og athugað hvort möguleiki sé á því að barn hafi farið heim. Á meðan gera starfsmenn í frístund leit á skólalóð af barninu og inn í skóla. Ef barn finnst ekki er leitað í nærumhverfi í samráði við forráðamenn og hringt er í forráðamenn bekkjafélaga barns til að athuga hvort barnið hafi farið heim til vinar/vinkonu. Ef ekki gengur að finna barnið skal hafa samband við lögreglu í samráði við forráðamenn (1-2 klst. eftir að barn hefur ekki látið sjá sig).

Á ferð með börnin

Þegar farið er í ferðir þá er tekin nafnalisti, börn talin, börn í tvöfaldri röð, starfsmenn fremst og aftast og dreifa sér á hópinn. Þeir foreldrar sem nota þjónustu íþróttavagna skrá það í viðveru barns vala.is í tómstundir hvaða daga og kl. hvað æfing byrjar. Við þurfum upplýsingar um tímasetningu á vagninum sem barnið á að taka. Frístundaleiðbeinandi kemur barni í réttan vagn. Starfsmaður íþróttavagns tekur svo við barninu.

Að fara í íþróttarútu

Börn taka íþróttarútu sem er á vegum Gerplu og Breiðablik. Öll börn þurfa að vera skráð í gegnum Völu í íþróttarútu af foreldra/forráðamanni. Börn eru send í rútu nema að önnur skilaboð frá foreldra/forráðamanni hafi borist frístundarheimili fyrir kl. 13:30. Starfsmaður sér í skráningarkerfinu sem notast er við hvaða börn eru send í rútna og finnur þau börn til og passar að þau séu búin að borða áður en það er haldið af stað í rútu. Eftir að börnin hafa borðað leika þau sér úti á útisvæði sem er nálægt þar sem rútan kemur. Þegar nær að dregur les starfsmaður upp þau börn sem skráð eru í rútu og labbar með þeim að svæðinu þar sem þau bíða eftir rútnunni. Önnur börn sem ekki taka rútu eiga að leika á leiksvæðinu og því eru einungis börn á þessum stað sem eru að fara í rútu. Börnin eru merkt inn í skráningakerfið áður en þau fara í vagninn og þegar þau fara úr vagninum á áfangastað. Starfsmaður frá frístund fer yfir að börnin séu í beltum áður en lagt er af stað og aðstoðar þau úr beltunum einnig á áfangastað ef þörf er á. Það er alltaf starfsmaður á vegum Vinahóls sem fer með í íþróttarútu Breiðabliks/Gerplu til að tryggja öryggi barnanna.

Smávægilegir áverkar

Ef barn slasast í frístund sem orsakar smávægilega áverka eru áverkar metnir og hlúð er að barni inn í frístund. Haft er eftirlit með barni og foreldrar/forráðamenn eru látnir vita þegar barn er sótt í lok dags eða hringt er í foreldra og þeim tilkynnt um hvað hafi gerst.

Alvarleg slys

Þegar um alvarleg slys er að ræða þá er veitt fyrsta hjálp hringt í 112 og skýrsla gerð. Haft er samband við foreldra strax. Ef um minni áverka er að ræða er gert að þeim með búnaði í sjúkrakassa á staðnum. Ávallt er haftsamband við foreldra.

Rýmingaráætlun

Ef að viðvörunarkerfi fer í gang þá er húsnæði rýmt. Börnin fara í bekkjaraðir á skólalóð, skráningar blöðin tekin og fram fer nafnakall.

Almannavá og áhætta

Ef öryggi barna er í hættu vegna vá þá er öryggisteymi skólans kallað saman til skólastjóra sem veitir starfsmönnum upplýsingar hvernig skuli bregðast við og aðstoðar.

Á vef embættis landlæknis er að finna áætlun sem unnið er eftir ef upp kemur veikindafaraldur <https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>.

Á vef almannavarna má finna áætlunir um hvernig brugðist er við ef upp eldgos kemur upp fyrirvaralaust. Eldgos geta haft í för með sér ösku og einnig stafað hættu af hraunrenslu. Áætlun þessi má finna hér <https://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd/>

Ef upp koma jarðskjálftar er einnig unnið samkvæmt áætlun sem er á vef almannavarna. Starfsmenn og börn fá reglulega fræðslu hvernig eigi að bregðast við ef upp kemur jarðskjálfti. <https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

Innra mat

Forstöðumaður fundar með starfsmönnum í upphafi dags kl. 13:00- 13:20. Deildarstjóri fundar með starfsmönnum einu sinni í mánuði og skólastjóri einu sinni á hvorri önn. Farið er yfir mál sem koma inn, rætt um hvað betur má gera og skipulag í heild. Í vetur sendir skólastjóri út foreldrakönnun til foreldra barna í Vinahól frístund/ klúbbastarfi sem hægt er að skoða á heimasíðu skólans þegar búið er að rýna niðurstöðurnar.

Símenntunaráætlun

Starfsmenn Vinahóls fara á námskeið í skyndihjálpi á tveggja ára fresti. Farið er yfir með starfsmönnum þarfir barna með greiningar. Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir endurmenntun fyrir stjórnendur og starfsfólk frístunda.

Frístundadagatal 2021 - 2022

Ágúst – desember

9.- 20. ágúst: Sumaropnun, ferðir á hverjum degi í sumaropnun og umferðaskólinn.

16.september: Náttfatadagur

26. september: Tungumála- og þjóðernisdagur í Vinahóli

7.október: Skipulagsdagur. Lokað í Vinahól

24. og 25. október – Vetrarfrí, lokað í Vinahól

31.október: Hrekkjavökudagur

8.nóvember- Baráttudagur gegn einelti

17.Nóvember. Skipulagsdagur, það þarf að skrá sérstaklega börn í lengda viðveru.

22. nóvember: Dagur barnasáttmálans

Lok nóvember/byrjun desember: Skreyta Piparkökur

Desember: Jólaþema og Jóladaur í frístund fyrir jólafrí.



Janúar – maí

3. janúar: Skipulagsdagur, opið í Vinahóli frístund (þarf að skrá sérstaklega fyrir daginn)

16.-20.janúar – Náttfatadagur í vikunni

17. – 18. febrúar – Vetrarfrí, lokað í Vinahól

Snemma í febrúar: Öðruvísi dagur, börnin ákveða skipulagið á deginum.

20.febrúar – Bolludagur

22.febrúar – Öskudagur

15.mars: Skipulagsdagur, lokað í Vinahól.

31.mars: Dagur einhverfra, höldum upp á Bláan apríl.

Apríl: Páskasprell og undirbúningur fyrir páska

Maí: Hjóladaurinn, ferðalög í nærumhverfinu og reynum að nýta góða veðrið.

Júní: Vatnsblöðrudagur og íþróttadagur og hafa gaman í góða veðrinu.

Athugið: Tímasetningar í dagatali gætu breyst



Starfsmenn í Vinahól

Vinahóll 1. – 2. bekk starfsmenn

Júlía Guðmundsdóttir. Forstöðumaður Vinahóls.

Natalia Irena Bronszewska. Aðstoðarforstöðumaður. *Ágúst-Maí*

Rúna Björg Ársælsdóttir Aðstoðarforstöðumaður Vinahól. *Kemur í maí.*

Ragnheiður Theodóra Guðmundsdóttir. Frístundaleiðbeinandi.

Ana Djurovic. Frístundaleiðbeinandi.

Kolfinna Bjarney Reynisdóttir . Frístundaleiðbeinandi.

Steinunn Sara Arnarsdóttir. Frístundaleiðbeinandi.

Írena Birta Gísladóttir. Frístundaleiðbeinandi.

Agnieszka Bukowska. Frístundaleiðbeinandi.

Roksana Dubielczyk. Frístundaleiðbeinandi.

Snezana Zeljkovic. Frístundaleiðbeinandi.

Guðrún Pétursdóttir. Stuðningsfulltrúi.

Snorri Sævar Konráðsson. Stuðningsfulltrúi.

Vinahóll 3.- 4. bekkur starfsmenn

Birta Pöll Kristjánsdóttir. Frístundaleiðbeinandi

Adrianna Anna Bronszwska. Frístundaleiðbeinandi.

Andrea Björk Sigrúnardóttir. Frístundaleiðbeinandi.

Kennarar 1. – 2. bekk Vinahóll

Guðni Páll Kárasón. Íþróttakennari.

Rúnar Sigriksson. Íþróttakennari

Sara Jóna Haraldsdóttir. Íþróttakennari

Skákkennsla 1- 4. bekk. Ingi Tandri Traustason. Skákmeistari - Skákkennsla

Klúbbastarf 3. - 4. bekk starfsmenn

Þriðjudagar :

Handverk. Halldóra Ágústsdóttir. Myndmenntakennari.

Skák. Ingi Tandri Traustason. Skákmeistari.

Íþróttagleði. Björk Varðardóttir. Íþróttakennari.

Útivist og útiveruleikir. Rúnar Sigríksson. Íþróttakennari

Miðvikudagar:

Tónlistarsmiðja. Álfheiður Björgvinsdóttir. Tónmenntkennari.

Leikir. Þóra Marteinsdóttir. Tónmenntkennari.

Bókasafn. Guðrún Ólafsdóttir. Kennari.

Sköpun m/ýmis efni Sigríður Hjaltdal Pálsdóttir. Smíðakennari.

Fimmtudagar:

Spjaldtölvur Magnea Sigurðardóttir. Kennari -

Heimilisfræði Guðfinna Guðmundsdóttir. Kennari -

Legó og Litir. Guðjón Már Sveinsson. Kennari.

Myndmennt. Halldóra Ágústsdóttir. Myndmenntakennari -

Skipulag klubbstarfsins í 3 og 4. bekk byggist á kennaratímum þrisvar í viku frá kl. 13:30 – 14:30. Á mánudögum og föstudögum dvelja nemendur við leik og starf með frístundaleiðbeinendum.


Fylgiskjal 1 - Skipulag fyrir 1. og 2. bekk

Vinahóll frístund Kársnesskóla - Vikuskipulag 1. og 2. bekkur					
	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:30	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla	Innskráning í Vinahól/Útivist fyrir framan Kársnesskóla
14:00 - 14:30	Síðdegishressing 	Síðdegishressing 	Síðdegishressing 	Síðdegishressing 	Síðdegishressing 
14:00 - 14:30	Útivist 	Útivist 	Útileikir 	Útivist 	Útivist 
13:30	Skák hjá 1.bekk kl 14:10-14:40.				
14:15 - 15:00	Skák hjá 2.bekk kl 13:30-14:10		Íþróttir 1.bekkur í Íþróttahúsi Kársnesskóla		Íþróttir á útisvæði / sal eða í Íþróttahúsi Kársnesskóla
14:30 - 16:00	Innivera - Frjálst val (Valtafla, börnin velja) - Úti eða innileikir	Innivera - Frjálst val (Valtafla, börnin velja)	Innivera - Frjálst Val (Valtafla)	Hópastarf	Bíó - Val 
16:00 - 16:30	 Spil, Skák - Val	Leikir- Inni /val í stofu	Leikir- Inni / val í stofu	 Spil, Skák - Val	
17:00	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
Frístundarbill Íþróttafélagana					
13:55	Blái frístundarbillinn, fyrri bill	Blái frístundarbillinn, fyrri bill	Blái frístundarbillinn, fyrri bill	Blái frístundarbillinn, fyrri bill	Blái frístundarbillinn, fyrri bill
14:55	Blái frístundarbillinn, seinni bill	Blái frístundarbillinn, seinni bill	Blái frístundarbillinn, seinni bill	Blái frístundarbillinn, seinni bill	Blái frístundarbillinn, seinni bill

Íþróttir: Fara fram á vegum Vinahóls frístundar í umsjón Guðna og Rúnar íþróttakennara og eru hópar aldurskiptir.

Skákkenndi í 1. og 2.bekk : Kennari : Ingi Tandri Traustasson. Skákmeistari.

Fylgiskjal 2 - Skipulag fyrir 3. og 4. bekk

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
13:30-14:30	Bíó   	Klúbbastarf Handverk Íþróttir Útivist Skák 	Klúbbastarf Tónlist og leikir Sköpun m/ ýmis efni Bókasafn 	Klúbbastarf Heimilsfræði Spjaldtölvur Lego og leikir Myndmennt 	Ferðir eða föndur   
14:30-14:45	Drekkutími Brauð með álegg, ost og smjóri 	Drekkutími Jógurt 	Drekkutími Öðruvísi brauðmeti, til dæmis skonsur, hrökkbrauð eða ostaslaufur 	Drekkutími Hafragrautur og morgunkorn 	Drekkutími Brauð með álegg, ost og smjóri og kakó 
14:45-15:15	Útivera 	Útivera 	Útivera 	Útivera 	Útivera 
15:15-16:00	Innivera 	Innivera 	Innivera 	Innivera 	Innivera 

Fylgiskjal 3 - Myndir af starfsmönnum í Vinahól frístund

Starfsmenn í Vinahól



Júlía
Forstöðumaður
Vinnur alla daga frá kl. 08:00-16:00



Natalia
Aðstoðarforstöðumaður
Vinnur alla daga frá kl. 12:00-17:00



Kolfinna
Frístundaleiðbeinandi
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:30



Agnieszka
Frístundaleiðbeinandi
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:15



Roksana
Frístundaleiðbeinandi
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:15



Ana
Frístundaleiðbeinandi
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:15



Snézana
Frístundaleiðbeinandi
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:15



Steinunn Sara
Frístundaleiðbeinandi
Vinnur alla daga nema miðvikudaga frá kl.
13:00-17:00



Ragnheiður
Frístundaleiðbeinandi
Vinnur alla daga á viku frá kl. 13:00-16:00

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026

Starfsmenn í Klúbbastarfi og Stuðningsfulltrúar



Birta Þöll
Fristundaleiðbeinandi í Klúbbastarfi
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:00



Adrianna
Fristundaleiðbeinandi í Klúbbastarfi
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:00



Andrea
Fristundaleiðbeinandi í Klúbbastarfi
Vinnur á mánudögum, miðvikudögum og á
föstudögum frá kl. 13:00-16:00



Írena Birta
Fristundaleiðbeinandi í 1. og 2. bekk
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:00
Aðstoðar við að finna börn sem eru að fara í
fristundabilinn.



Snorri
Stuðningsfulltrúi í 2. og 3. bekk
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:00
Aðstoðar við að finna börn sem eru að fara í
fristundabilinn.



Gunna
Stuðningsfulltrúi í 2. og 3. bekk
Vinnur alla daga frá kl. 13:00-16:00
Aðstoðar við að finna börn sem eru að fara í
fristundabilinn.

Kennarar í Klúbbastarfi



Bíbí



Rúnar



Björk



Þóra



Guðjón



Guðni



Magnea



Halldóra




Guðfinna



Guðrún



Álfheiður



Ingi Tandri